

þeir sem lásu blöðin yfir morgunverði sínum orðið forviða yfir að lesa það, að hinn grunaði maður væri saklaus og að hinn slungni Jack Barnes væri búinn að taka hinn sanna sökudólg fastan. Og það sem enn meira þótti í varið, hann hafði náð í hið stolna fé, sem var þrjátíu þúsundir dollara að upphæð.

Mr. Barnes hafði elt manninn, sem hann grunaði, í marga daga, fylgt honum eftir borg úr borg eins og skugginn hans, og haft nákvæmar gætur á honum bæði nótt og dag. Ástæðan fyrir að Barnes fór að elta mann þenna var sú, að hann hafði fundið ofurlistinn leiðarvísí, er hann hafði örugga trú á að mundi verða að gagni. Þar eð Barnes var nú búinn að koma flóttamanninum inn í fangelsi í Boston, þá var hann nú á leiðinni til New York, því skyni að sækja hin nauðsynlegu skjöl til þess að geta flutt manninn þangað, svo mál hans yrði rannsakað þar. Hann var þreyttur, eins og hann hafði sagt, en þrátt fyrir að hann þarfnadist að fá fullkomna hvíld, þá gat hann ekki varist því að yfirfara aftur í huga sínum allar hinar flóknu ályktanir sem höfðu leitt til þess, að honum hafði tekist að leysa ráðgátuna. Degar hann nú lá þarna vakandi í efra rúminu í 10. deildinni í svefnvagninum, bárust honum þessi orð til eyrna:

„Ef ég vissi að þessi Barnes væri að elta mig, þá gæfi ég mig blátt áfram sjálfur á vald réttvísinnis.“

Þessi orð gáfu von um, að þau væru byrjun á fróðlegu samtali; og þar eð Mr. Barnes gat ekki sofn-